



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 1. apríl 2019

USK2018110065

8.7

Borgarráð

### ***Grandagarður 1a. Breyting húsnæðis.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við breytingar á húsnæði Grandagarðs 1a.

Kostnaðaráætlun 2 er 120 mkr. Áætlað er að hefja framkvæmdir í maí og að þeim ljúki í ágúst 2019.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 22. nóvember 2018 voru samþykkt kaup á húsnæðinu að Grandagarði 1a. Húsnæðið er 216 m<sup>2</sup> á tveimur hæðum. Þá var jafnframt samþykkt að verja allt að 120 mkr. til breytinga á húsnæðinu og búnaðarkaupa.

Húsnæðið verður notað sem neyðarskýli fyrir unga heimilislausa vímuefnanotendur og er í samræmi við tillögu sem samþykkt var í velferðarráði 16. ágúst 2018. Aðstaða verður fyrir 15 einstaklinga og 2 starfsmenn.

Kostnaðarstaður: 1107

Kostnaðaráætlun 1 vegna breytinga og búnaðar: 120 mkr.

Kostnaðaráætlun 2 vegna breytinga og búnaðar: 120 mkr.

Áfallinn kostnaður 2018: 2 mkr.

Áætluð hækkun innri leigu VEL: 13 mkr. á ári.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

